

Samningur

milli Staðlaráðs Íslands og [NAFN FYRIRTÆKIS] um leigu á skjalinu [FULLT NAFN SKJALS], hér eftir nefnt „umrætt skjal“, til notkunar á intraneti [NAFN FYRIRTÆKIS].

1. Staðlaráð Íslands, hér eftir nefnt „Staðlaráð“, og [NAFN FYRIRTÆKIS], hér eftir nefnd „LEIGUTAKI“, gera með sér svofelldan samning:
 - a. Fimm notendaleyfi þýða að LEIGUTAKA er heimilt að veita 5 starfsmönnum sínum aðgang að umræddu skjali á intraneti fyrirtækisins.
 - b. Hverju notendaleyfi fylgir heimild til að prenta út einu sinni eitt pappírseintak af umræddu skjali, sem aðeins yrði notað á vegum LEIGUTAKA.
 - c. Staðlaráð skal afhenda LEIGUTAKA eitt eintak af umræddu skjali, sérmerktu LEIGUTAKA og á pdf-sniði, sem jafnframt er eina eintak umrædds skjals sem samningur þessi nær til og LEIGUTAKA er heimilt að nota.
 - d. Heimilt er LEIGUTAKA að afrita eitt eintak af umræddu skjali, sem aðeins yrði notað sem öryggisafrit. Önnur afritun er ekki leyfileg.
 - e. Glatist eða skemmist eintak LEIGUTAKA af umræddu skjali skal Staðlaráð útvega LEIGUTAKA nýtt eintak þess án endurgjalds, enda gildi þessi sami samningur um nýja eintakið.
 - f. Engin frekari þjónusta fylgir samningi þessum af hálfu Staðlaráðs eftir að umrætt skjal hefur verið afhent LEIGUTAKA, né verður Staðlaráð gert ábyrgt fyrir tjóni er umrætt skjal kynni að valda á tölvu- eða hugbúnaði LEIGUTAKA.
 - g. Greitt er fyrir leigu umrædds skjals með einni greiðslu, kr. xx.xxx,- með vsk., um leið og eintakið hefur verið afhent. Ekki koma til frekari greiðslur af hálfu LEIGUTAKA vegna þessa samnings.
3. Auk ákvæða þessa samnings fellur efni umrædds skjals undir höfundarréttarlög nr. 72/1973, auk annarra ákvæða íslenskra laga og alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að og kunna að eiga við um samning þennan.



4. LEIGUTAKI ber ábyrgð á að takmarka aðgang að umræddu skjali við 5 starfsmenn sína, 5 notendaleyfi.
 - a. LEIGUTAKI skuldbindur sig til að gera starfsmönnum sínum grein fyrir skilmálum þessa samnings og viðhafa fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að skilmálar samningsins séu haldnir.
 - b. LEIGUTAKI skal gera tæknilegar ráðstafanir sem tryggja að fjöldi notenda umrædds skjals fari ekki yfir áðurnefndan fjölda notendaleyfa.
 - c. Berist eintak LEIGUTAKA af umræddu skjali til þriðja aðila með einhverjum hætti, verður LEIGUTAKI ábyrgur fyrir þeim fjárhagsskaða sem af því kynni að leiða fyrir Staðlaráð.
 - d. Hvers konar breytingar á umræddu skjali eru óheimilar, bæði er varðar innihald og útlit og virkni, svo sem „hypertext mark-up“.
 - e. Óheimilt er að nota innihald umrædds skjals á öðru sniði en tilgreint er í lið 2.c þessa samnings.
5. Samning þennan má endurskoða að beiðni Staðlaráðs með tilliti til tæknilegrar útfærslu við að uppfylla hann. Engar frekari greiðslur kæmu til af hálfu LEIGUTAKA vegna þess.
 - a. Staðlaráð hefur heimild til að ganga úr skugga um að skilmálar þessa samnings séu uppfylltir og LEIGUTAKI skuldbindur sig til að láta í té nauðsynlegar upplýsingar í því sambandi.
6. Við brot á samningsskilmálum er Staðlaráði heimilt að rifta samningi án tafar. Í því tilfelli er LEIGUTAKA skylt að eyða eintaki sínu af umræddu skjali ásamt öryggisafriti og skila inn öllum pappírseintökum sem fylgja samningnum.
7. Rísi ágreiningur um túlkun ákvæða þessa samnings skal bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Reykjavík, 20. mars 2006,

f.h. Staðlaráðs Íslands,

f.h. [NAFN FYRIRTÆKIS]

Guðrún Rögnvaldardóttir,
framkvæmdastjóri

NN,
forstjóri